

Leiðbeiningar fyrir stjórnendur farþegaskipa sem koma til Íslands



Leiðbeiningar fyrir stjórnendur farþegaskipa sem koma til Íslands

Júlí 2024

Útgefendur Umhverfisstofnun, Samgöngustofa og Landhelgisgæsla Íslands

www.ust.is

www.samgongustofa.is

www.lhg.is

Efnisyfirlit

I. Markmið	4
II. Lög og reglur	4
III. Siglingaöryggismál	5
Reglur um siglingar farþegaskipa við suðvesturströnd Íslands	5
Tilkynningaskylda skipa	5
Leiðsaga skipa	6
Skip sem koma beint frá hafi	6
Léttbátar og kafbátar farþegaskipa	6
Þyrluflug	7
IV. Mengunarvarnir	8
Bótaábyrgð mengunarvalds	8
Varp í hafið	8
Móttaka úrgangs	8
Skolp og grávatn	8
Losun efna í hafið frá skipum	9
Kjölfestuvatn	9
Bráðamengun	9
Íhlutun vegna bráðamengunar	9
Mengunarvarnir	9
Skipaeldsneyti	10
Hreinsikerfi fyrir útblástursloft	10
Hávaðamengun	11
Tilkynningaskylda á sviði mengunarmála	11
V. Náttúruvernd	12
Samskipti við landeigendur og réttihafa lands	12
Lokun svæða	12
Almennar umgengnisreglur	12
Skipulegar hópferðir	13
Brottnám steinda og steingervinga	13
Notkun dróna	13
Friðlýst svæði	13
Takmarkanir á landtöku innan friðlýstra svæða	13
Sérreglur um umferð við friðlandið á Hornströndum	14
Reglur vegna köfunar að hverastrýtum í Eyjafirði	14
Umgengni við varpstöðvar fugla	15
Veðar á villtum fuglum og villtum spendýrum	15

I. Markmið

1. Að tryggð verði að stjórnendur farþegaskipa fari að íslenskum lögum og reglugerðum.
2. Að ferðir og ferðaáætlanir farþegaskipa á sjó og á landi brjóti ekki í bága við umhverfis- og náttúruverndarlöggjöf á Íslandi.
3. Að vekja athygli stjórnenda farþegaskipa á öryggi skipanna og farþega þeirra við og á Íslandi.

II. Lög og reglur

Íslensk löggjöf um siglingar farþegaskipa við Ísland byggir á alþjóðasamningum og íslenskri löggjöf. Ísland er aðili að hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna. Sem aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) hefur Ísland fullgilt flesta þá samninga sem gerðir hafa verið á vegum stofnunarinnar sem varða öryggi á sjó (SOLAS o.fl.), mengunarvarnir (MARPOL) og ábyrgð eiganda og rekstraraðila.

Ísland er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) sem felur m.a. í sér að á Íslandi gilda sömu reglur um viðskipti, þjónustu og umhverfismál og gilda á innri markaði Evrópusambandsins. Ísland tekur einnig þátt í starfi Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA) á sviði siglingaöryggis og mengunarvarna.

Yfirlit yfir íslensk lög og reglugerðir er varða siglingar við Ísland og náttúruvernd á Íslandi er að finna á heimasíðum Landhelgisgæslunnar, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar. Lögin innleiða ákvæði alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að en hafa einnig að geyma séríslensk lagaákvæði.

Það athugist að þær upplýsingar um lög og reglur og tilmæli sem fram koma í þessum leiðbeiningum koma ekki í stað gildandi laga og reglugerða sem eru opinberlega birt á vef Stjórnartíðinda og vef Alþingis.

Rekstraraðilar og stjórnendur farþegaskipa kynni sér lög og reglur um siglingaöryggi, mengunarvarnir og náttúruvernd á Íslandi og athugi að sérreglur geta gilt á einstaka svæðum.

Það athugist að þær upplýsingar um lög og reglur og tilmæli sem fram koma í þessum leiðbeiningum koma ekki í stað gildandi laga og reglugerða sem eru opinberlega birt á vef Stjórnartíðinda og vef Alþingis.

Rekstraraðilar og stjórnendur farþegaskipa kynni sér lög og reglur um siglingaöryggi, mengunarvarnir og náttúruvernd á Íslandi og athugi að sérreglur geta gilt á einstaka svæðum.

III. Siglingaöryggismál

Siglingar á hafsvæðinu umhverfis Ísland eru afar krefjandi og óvíða í heiminum geta veðrabrigði orðið jafn snögg. Veður geta verið válynd, sérstaklega að vetri til. Hætta getur einnig skapast að sumarlagi gangi krappar lægðir yfir með tilheyrandi siglingahættu. Því er afar mikilvægt að fara að öllu með gát og fylgja leiðbeiningum um siglingaöryggi í hvívetna.

Þó svo að skipstjórnendur farþegaskipa sem sækja Ísland heim séu vel þjálfaðir og búi yfir langri reynslu þá er ekki hægt að fullyrða með óyggjandi vissu að þeir átti sig á sérstökum aðstæðum við strendur landsins.

Reglur um siglingar farþegaskipa við suðvesturströnd Íslands

Í reglugerð nr. 361/2009 um breytingu á reglugerð nr. 524/2008 um afmörkun siglingaleiða, svæði sem ber að forðast (Ships' Routeing) og tilkynningaskyldu skipa fyrir Suðvesturlandi segir:

Forðast skal að sigla skipum sem falla undir reglur þessar inn á afmörkuð svæði samkvæmt 1. mgr. Það tekur þó ekki til skipa sem taka höfn á Selvogsbankasvæði, farþegaskipa á tímabilinu 1. maí til 1. október og skipa allt að 30.000 BT sem hvorki flytja hættuleg efni né eiturefni í búlka eða farmtönkum og hafa heimild til að sigla innri leið skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar. Slíkum skipum er heimil sigling um Selvogsbankasvæðið fyrir sunnan 63°45' N. Við siglingu slíkra skipa yfir Selvogsbankasvæðið ber skipstjórnarmönnum að sýna fyllstu aðgát og taka sérstaklega tillit til veðurs og veður- og ölduspár ef um álandsvind er að ræða.

Heimilt er að sigla farþegaskipum óháð stærð þeirra um innri leið á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

Skipum sem sigla til hafna innan Selvogsbankasvæðisins er heimil sigling um svæðið. Farþegaskip á tímabilinu 1. maí til 1. október og skip allt að 20.000 BT sem flytja hvorki hættuleg efni né eiturefni í búlka eða farmtönkum og hafa heimild til að sigla innri leið skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar mega sigla um Selvogsbankasvæðið fyrir sunnan 63°45' N.

Tilkynningaskylda skipa

- Íslensk skip sem notuð eru í atvinnuskyni skulu tilkynna staðsetningu sína til vaktstöðvar siglinga í gegnum sjálfvirkt auðkenniskerfi (AIS). Þar af leiðir að erlend skip eru einnig sýnileg í þessu tilkynningakerfi.
- Skip stærri en 300 brúttótonn (önnur en fiskiskip og ríkisför) skulu tilkynna komu sína til hafnar með 24 tíma fyrirvara til Vaktstöðvar siglinga með SafeSeaNet (SSN) tilkynningu.

- Öll fiskiskip og önnur skip sem ekki falla innan reglna um SSN nema ríkisför sem koma erlendis frá skulu tilkynna komu sína til hafnar með 24 tíma fyrirvara til Landhelgisgæslunnar á þar til gerðu rafrænu eyðublaði.
- Skipstjóri skips skal tilkynna sérhvert óhapp eða slys sem hefur áhrif á öryggi áhafnar, farþega og skips, ógnar öryggi í siglingum og kann að valda mengun hafs og stranda við Ísland.
- Skipstjóri skips skal [tilkynna til vaktstöðvar siglinga](#) (s. 545 2100, sar@lhg.is) sérhvert óhapp eða slys sem hefur áhrif á öryggi áhafnar, farþega og skips, ógnar öryggi í siglingum og kann að valda mengun hafs og stranda við Ísland. Ef skip þarf að nýta skipaafdrepp skal hafa samband við Landhelgisgæslu Íslands.
- **Farþegaskip, 300 brúttótonn að stærð og stærri, sem sigla milli íslenskra hafna, skulu tilkynna vaktstöð siglinga um áætlaða leið að næstu höfn 24 klst. áður en þau koma til fyrstu hafnar á Íslandi. Jafnframt skulu þau tilkynna vaktstöðinni hvar og hvenær þau hyggjast setja farþega í land utan hafna. Mælt er til að slíkar tilkynningar berist til vaktstöðvar siglinga með sólarhrings fyrirvara áður en komið er til fyrstu hafnar. Upplýsingarnar skulu fylgja SafeSeaNet tilkynningum skipanna.**

Leiðsaga skipa

- Skipstjóri ákveður hvort hann notar leiðsögumann eða ekki, nema mælt sé fyrir á annan veg í lögum eða reglugerðum.
- Um hafnsöguskyldu er mælt fyrir í reglugerð um viðkomandi höfn. Hafnarstjórnir ráða hafnsögumenn við hafnsöguskyldar hafnir.

Skip sem koma beint frá hafi

Farþegaskipum, sem koma beint af hafi, er óheimilt að hleypa farþegum í land með skipsbátum skipanna utan hafnarsvæða.

Léttbátar og kafbátar farþegaskipa

Samkvæmt 41. gr. skipalaga nr. 66/2021 þarf leyfi Samgöngustofu til farþegaflutninga í atvinnuskyni í lögsögu Íslands. Undir það falla t.a.m. skoðunarferðir ferðamanna, hvort sem er á RIB-bátum, Zodiac bátum, kafbátum eða öðrum bátum.

Skemmtiferðaskip eru undanþegin reglunum en skipsbátar þeirra eru eingöngu undanþegnir þegar þeir ferja fólk beint í land og til baka. Eigi að fara í ferðir með farþega hér við land, svo sem skoðunarferðir, þarf til þess leyfi Samgöngustofu.

Séu bátarnir undir 6 metrum þarf starfsleyfi fyrir þá, þar sem tekið er fram hvernig starfseminni verði háttað, tryggt sé að tryggingar séu fullnægjandi, öryggisáætlun liggja fyrir o.þ.h. Leyfið er fyrir alla bátana sem skipið notar til starfseminnar og gildir leyfið til þess tíma sem skoðun bátanna eða eftir atvikum tryggingar skipsins duga til. Leyfið er ekki bundið staðsetningu en getur verið bundið nánari skilyrðum s.s. eingöngu 3 mílur frá skipinu, takmarkanir vegna veðurs eða ölduhæðar o.s.frv.

Séu bátarnir yfir 6 metrum að lengd þarf að sækja um farþegaleyfi fyrir bátana og þurfa þeir þá hver fyrir sig að vera skráðir og starfsemin að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til annarra farþegabáta.

Hafa skal samband við Samgöngustofu til að fá frekari upplýsingar um leyfi og sækja um þau á heimasíðu stofnunarinnar.

Sérreglur um umferð léttbáta og kafbáta geta gilt innan friðlýstra svæða (sjá nánar í [kaflanum um náttúruvernd](#)). Þá geta siglingar kafbáta innan hafnarsvæða verið háðar leyfi viðkomandi hafnaryfirvalda.

Æskilegt er að rekstraraðilar kynni sér hvaða aðstoð hægt er að fá ef eitthvað kemur upp á við siglingar kafbáta. Takmarkaður búnaður og þekking er til staðar héraðs m.t.t. að koma slíkum kafbátum til aðstoðar hlekkist þeim á við köfunaraðgerðir (eða neðansjávar).

Þyrluflug

Leyfilegt er að fljúga þyrlum frá farþegaskipum og lenda á flugvöllum á landi. Eigi að lenda á einkalandi þarf til þess leyfi landeiganda. Upplýsingar um flug í íslenskri lofthelgi er að finna í íslensku AIP.

Á friðlýstum svæðum geta gilt sérreglur um þyrluflug og landingar og getur þar notkun ómannaðra og mannaðra loftfara verið takmörkuð og/ eða óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar.



IV. Mengunarvarnir

Markmið laga um varnir gegn mengun hafs og stranda er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda.

Athugið að sérreglur/auknar kröfur geta gilt innan hafnarsvæða skv. hafnarreglugerðum, en reglugerðir hafna eru birtar á [vef Samgöngustofu](#).

Bótaábyrgð mengunarvalds

- Á Íslandi gildir sú regla að sá ber skaðabótaábyrgð er veldur mengun.
- Yfirvöld mega krefja mengunarvald um gjald vegna kostnaðar sem til fellur vegna mengunar.

Varp í hafið

- Bannað er að varpa efnum og hlutum í hafið.
- Tilkynna skal stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands (s. 545 2100, sar@lhg.is) um alla losun úrgangs, varp í hafið og mengun innan mengunarlögsögu Íslands, nema heimild hafi verið veitt til vörpunar.

Móttaka úrgangs

- Skipstjóri skips, sem er á leið til hafnar, ber ábyrgð á að tilkynning um úrgang og farmleifar í skipum sé fyllt út með réttum upplýsingum og komið til viðkomandi hafnaryfirvalda. Reglan gildir hvorki um fiskiskip né skemmtibáta sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega.
- Skipstjóri ber ábyrgð á því að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.
- Greiða ber gjald fyrir móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá skipum.

Skolp og grávatn

- Losun skolps frá skipum er óheimil innan hafnarsvæða og á svæðum innan við 300 m frá stórstraumsfjöruborði.
- Skipum sem eru 400 brúttótonn eða stærri og skipum sem eru skráð til að flytja 15 manns eða fleiri en eru minni en 400 brúttótonn er óheimilt að losa skolp innan tólf sjómílna frá grunnlínu landhelginnar.
- Heimilt er að losa skolp, sem hefur verið meðhöndlað í hreinsikerfi samþykktu af Samgöngustofu eða sambærilegu stjórnvaldi annars ríkis, utan þriggja sjómílna frá grunnlínu landhelginnar.
- Um losun grávatns gilda sömu reglur og um losun skolps.

Losun efna í hafið frá skipum

Um losun olíu í hafið, eitraðra efna í fljótandi formi skv. II viðauka við MARPOL samninginn og losun sorps og farmleifa frá skipum gilda ákvæði viðauka I, II og V við MARPOL samninginn.

Kjölfestuvatn

- Losun kjölfestuvatns er bönnuð innan íslenskrar mengunarlögsögu, nema það sé hreinsað eða meðhöndlað samkvæmt stöðlum sem tilgreindir eru í alþjóðasamningi um stjórnun og meðhöndlun á kjölfestuvatni skipa og botnfalli í því (BWM-samningi). Nota skal þessa staðla eins og kveðið er á um í BWM-samningnum og gildir þar með innleiðingaráætlun fyrir umskipti frá staðli D-1 yfir í staðal D-2 í samræmi við breytingar á reglu B-3 í samningnum.
- Tilkynna þarf um alla losun kjölfestuvatns innan mengunarlögsögu Íslands til stjórnstöðvar Landhelgisgæslu Íslands áður en losun kjölfestuvatns hefst.
- Um kjölfestuvatn gildir íslensk reglugerð nr. 515/2010 um kjölfestuvatn.

Bráðamengun

- Innan hafnarsvæðis er tilkynning um bráðamengun send til hafnarstjóra.
- Óhöpp á sjó utan hafnarsvæða eru tilkynnt til vaktstöðvar siglinga.

Íhlutun vegna bráðamengunar

- Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að grípa til íhlutunar og gera þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar á hafsvæðinu innan mengunarlögsögu Íslands til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu sem hafi eða ströndum stafar af bráðamengun. Í íhlutun felst m.a. yfirtaka á stjórn skips sé fyrir mælum Landhelgisgæslu Íslands ekki fylgt.
- Þegar mengun hefur orðið á hafi úti skal Umhverfisstofnun grípa til aðgerða. Þegar hætta er talin á að mengun muni hljóta af strandi skips eða frá starfsemi á landi eða á hafi skal Umhverfisstofnun gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða draga úr hættu á mengun.

Mengunarvarnir

Almennar reglur um mengunarvarnir vegna losunar frá atvinnurekstri gilda einnig um skip þegar þær reglur eiga við.

Skipaeldsneyti

- Brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti, þ.m.t. svartolíu sem er notuð eða er ætluð til nota í skipum eða bátum hér á landi innan landhelgi Íslands og innsævis skal að hámarki vera 0,1% (m/m) að undanskildu eldsneyti til skipa sem nota viðurkenndar aðferðir til að draga úr losun.
- Brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti, þ.m.t. svartolíu sem er notuð eða er ætluð til nota í skipum eða bátum í mengunarlögsögu utan innsævis og landhelgi Íslands skal að hámarki vera 0,5% (m/m) að undanskildu eldsneyti til skipa sem nota viðurkenndar aðferðir til að draga úr losun.
- Brennisteinsinnihald skipadísellolíu skal vera að hámarki 1,5% (m/m).
- Brennisteinsinnihald skipagasolíu skal vera að hámarki 0,1% (m/m).
- Í þeim tilfellum þegar notast er við skipaeldsneyti með hærra brennisteinsinnihaldi en 3,5% (m/m) skal nota viðurkenndar aðferðir til að draga úr losun **í lokuðu kerfi**.
- Skip sem liggja við bryggju eiga að nota rafmagn úr landi í stað skipaeldsneytis eftir því sem kostur er. Sé ekki möguleiki á að nota rafmagn úr landi skulu skip sem liggja í höfnum landsins ekki nota skipaeldsneyti með meira brennisteinsinnihald en 0,1% (m/m). Gera skal ráð fyrir nægum tíma fyrir áhöfnina til að ljúka öllum nauðsynlegum aðgerðum við að skipta um eldsneyti eins fljótt og unnt er eftir að lagst er að bryggju og eins nálægt brottför og hægt er. Tíminn sem tekur að skipta um eldsneyti skal skráður í dagbók skipsins. Undantekningar gilda ef skip eiga, samkvæmt birtri tímaáætlun, að liggja skemur en tvo tíma við bryggju, og þegar slökkt er á öllum vélum og rafmagn úr landi notað meðan skip eru við bryggju í höfnum.

Hreinsikerfi fyrir útblástursloft

Sýna þarf fram á jafngildi við viðeigandi kröfur þegar notað er hreinsikerfi fyrir útblástursloft:

- I) Þar sem brennisteinsinnihald skipaeldsneytis skal að hámarki vera 0,50% (m/m), er hámarkslosunarhlutfall SO₂ (ppm)/CO₂ (%v/v) 21,7.
- II) Þar sem brennisteinsinnihald skipaeldsneytis skal að hámarki vera 0,10% (m/m), er hámarkslosunarhlutfall SO₂ (ppm)/CO₂ (%v/v) 4,3.

Innan landhelgi Íslands og innsævis er hámarkslosunarhlutfall SO₂ (ppm)/CO (%v/v) 4,3.

Mikilvægt er að unnt sé að framvísa skjölum sem sýna fram á að þessi skilyrði séu uppfyllt.

Eftirlitsaðilum er heimilt að skoða skjöl er varða eldsneyti skipa og hreinsikerfi fyrir útblástursloft hvenær sem er og er nauðsynlegt að halda nákvæmar skrár til að tryggja að farið sé að reglum.

Í þeim tilfellum þegar notast er við skipaeldsneyti með hærra brennisteinsinnihaldi en 3,50% (m/m) skal nota viðurkenndar aðferðir til að draga úr losun í **lokuðu kerfi**.

Við losun þvottavatns frá hreinsikerfum fyrir útblástursloft skal uppfylla þau viðmið sem tilgreind eru í II. viðauka reglugerðar nr. 124/2015 um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti og viðmið sem sett eru fram í leiðbeiningum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um hreinsikerfi fyrir útblástursloft.

Hávaðamengun

Óheimilt er að þeyta flautur eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg. Á þetta bæði við um skip og báta með utanborðs-mótor sem fylgja skipunum.

Tilkynningaskylda á sviði mengunarmála

- Um losun úrgangs, varps í hafið og mengun til Landhelgisgæslu Íslands (s.s. 545 2100, sar@lhg.is).
- Um bráðamengun til hafnarstjóra/Landhelgisgæslu Íslands.



V. Náttúruvernd

Lög um náttúruvernd á Íslandi gilda á íslensku landi, í landhelgi og efnahagslögsögu, þar á meðal á hafsbotninum. Náttúruverndarlögin gilda því jafnt um skip innan íslenskrar efnahagslögsögu og um landtöku farþega þeirra.

Markmið náttúruverndarlaganna er m.a. að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, líffræðilega og jarðfræðilega. Rétti til að fara um landið fylgja ýmsar skyldur og takmarkanir.

Samskipti við landeigendur og rétthafa lands

- Fá samþykki landeiganda um för yfir ræktað land.
- Virða bann á girtum svæðum í byggð.
- Landeigandi ber ekki ábyrgð á för um land hans.

Lokun svæða

Umhverfisstofnun getur lokað svæðum þar sem hættu er á tjóni vegna mikillar umferðar.

- Mikilvægt er að stjórnendur farþegaskipa kynni sér ákvarðanir um lokanir svæða og að þeir virði ákvarðanir og merki um takmörkun umferðar um land. Upplýsingar um lokanir er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar (www.ust.is).

Almennar umgengisreglur

- Ganga vel um náttúru landsins.
- Tillitssemi við landeigendur og rétthafa og fylgja leiðbeiningum þeirra.
- Virða hagsmuni landeigenda og rétthafa m.a. vegna búræktar, landgræðslu og skógræktar.
- Fara eftir merktum leiðum og skipulögðum stígum.
- Varast hávaðamengun.
- Gæta hreinlætis.
- Skilja ekki eftir sorp eða úrgang.
- Sýna varúð við búsmala, sellátur, varplönd fugla, veiðisvæði og veiðistaði.
- Forðast skal að spilla gróðri m.a. mosa, lyngi eða hrísrifi.
- Skyld er að gæta ítrustu varkárni í meðferð elds og eldunartækja. Bannað er að kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hættu getur skapast fyrir gróður, dýralíf eða mannvirki.

Skipulegar hópferðir

Þegar skipulagðar eru hópferðir um eignarlönd í byggð eða þar sem ónæði gæti valdið við nytjar skal hafa samráð við eiganda lands eða réttthafa um umferð manna og dvöl á landi hans.

Brottnám steinda og steingervinga

Óheimilt er að nema brott eða losa steingervinga af fundarstað. Sérreglur geta einnig verið í friðlýsingarskilmálum fyrir friðlýst svæði um bann við brottnámi ákveðinna steinda.

Notkun dróna

Athuga þarf að víða gilda svæðisbundnar takmarkanir og fjarlægðarreglur á notkun dróna.

Friðlýst svæði

Á Íslandi gilda sérreglur um umferð manna og dvöl á friðlýstum svæðum. Sérreglur um umferð á svæðunum eru birtar í auglýsingum um friðlýsingu eða í stjórnunar- og verndaráætlun viðkomandi svæðis.

Takmarkanir á landtöku innan friðlýstra svæða

Akurey

- Öll landtaka frá sjó er óheimil innan friðlandsins, nema með leyfi Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar.

Látrabjarg

- Umferð og landtaka skipa og báta innan friðlandsins er óheimil, nema eftir hefðbundnum siglingaleiðum vestur frá Bjargtöngum og um Látraröst.

Surtsey, Eldey og Melrakkæy

- Landtaka er óheimil.

Skrúður

- Landtaka er óheimil nema í samráði við landeiganda.

Hrísey, Gróttá, Dyrhólaey, eyjar og sker við Grunnafjörð

- Umferð er óheimil á afmörkuðum svæðum á tímabilinu 15. apríl til 15. júlí, vegna fuglaverndar.

Drangar

- Farþegaskipum, sem koma beint af hafi, er óheimilt að hleypa farþegum í land.
- Landtaka skipa með 51 eða fleiri farþega (farþega og áhöfn) og farartækja í tengslum við þau er óheimil, nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

- Landtaka vegna rannsókna er háð leyfi Umhverfisstofnunar.
- Öll umferð skipa og báta nærri sellátrum og fuglabyggðum er óheimil innan verndarsvæðisins.
- Umferð vélknúinna vatnaleiktækja, s.s. sjókatta og sæpota, er óheimil innan svæðisins.

Flatey

- Öll landtaka frá sjó er óheimil innan friðlandsins.
- Friðlandið er lokað á varptíma fugla og er öll umferð um það óheimil á tímabilinu 15. apríl - 15. júlí.

Lundey

- Öll landtaka frá sjó er óheimil innan friðlandsins á varptíma fugla frá 20. maí til 20. ágúst, nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.
- Hámarkshraði farartækja á sjó innan friðlandsins eru 4 sjómílar.
- Umferð vatnatækja s.s. sjókatta og seglbretta innan friðlandsins er óheimil á varptíma frá 20. maí til 20. ágúst.

Breiðamerkursandur

- Landtaka allra vélknúinna skipa og báta innan friðlýsta svæðisins á Breiðamerkursandi er óheimil.

Sérreglur um umferð við friðlandið á Hornströndum

- Öll umferð skipa nær sjófuglabyggðum en 115 m er bönnuð.
- Tilmæli Umhverfisstofnunar að fara ekki nær fuglabjörgum en 1 km.
- Landtaka skipa með 51 eða fleiri farþega (farþegar og áhöfn) innan friðlandsins og farartækja í tengslum við þau er óheimil nema að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.

Reglur vegna köfunar að hverastrýtum í Eyjafirði

Hverastrýtur á botni Eyjafjarðar

- Heimilt er að kafa niður að hverastrýtunum og skoða þær, en óheimilt er að hrófla við þeim eða valda á þeim spjöllum. Köfun við strýturnar ber að tilkynna hafnaryfirvöldum á Akureyri samdægurs.
- Óheimilt er að kasta akkeri innan marka náttúruvættisins. Köfurum er hins vegar bent á að kafa niður hjá ljósbauju sem komið er fyrir við strýturnar. Frá baujunni liggur band/tengiband sem fest er í næsta nágrenni kulnuðu strýttunnar.

Hverastrytur á botni Eyjafjarðar, norður af Arnarnesnöfum

- Heimilt er að kafa við bauju/merkthan köfunarstað við hverastrytu á stað 65°52'15 60"N - 18°13'13 02"V, (ISN93 535582 597331).
- Óheimilt er að kasta akkeri innan marka náttúruvættisins og einnig er óheimilt að setja hvers konar festingar eða merki við eða á hverastryturnar.

Umgangni við varpstöðvar fugla

- Innan friðlýstra æðavarpa er öll óviðkomandi umferð og röskun bönnuð á tímabilinu frá 15. apríl til og með 14. júlí ár hvert svo og óþarfa hávaði af völdum manna og véla, nema með leyfi varpeiganda. Sýslumenn halda skrá um friðlýst æðavörp. Upplýsingar um staðsetningu friðlýstra æðarvarpa er einnig að finna á kortasjánni www.map.is/aedur sem er uppfærð árlega.
- Allur umgangur er bannaður nær varpstöðvum arna en 500 m frá 15. mars til 15. ágúst.
- Dvöl manna er óheimil við hreiður fálka, hafarnar, snæuglu, haftyrdils, keldusvíns og þórshana vegna myndatöku, upptöku á hljóðum og annarra athugana sem ætla má að valdi truflun án fyrirfram gefins leyfis umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.
- Mynda- og kvikmyndataka af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrdlum við hreiður þeirra er óheimil nema með leyfi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

- Villt dýr, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð nema friðun þeirra hafi verið aflétt í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.
- Afla þarf heimilda til veiða með umsókn um veiðikort og fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til veiðimanna hér á landi.
- Veiðitímabil fugla og villtra spendýra er lögbundið.
- Hvítabirnir eru friðaðir á landi, á hafís og á sundi.

